

REGLUGERÐ

**um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2010
(um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi
við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002).**

1. gr.

Eftirfarandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2009, frá 29. maí 2009, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 243/2010 frá 23. mars 2010 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum).

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnar (EB) nr. 243/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 71/2010, 16. desember 2010, bls. 356.

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2010 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 70/2010, 16. desember 2010, bls. 23.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla og öðlast þegar gildi.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytinu, 13. janúar 2011.

Árni Páll Árnason.

Helga Jónsdóttir.